

# **Reglugerð Afrekssjóðs ÍBH**

## **Efnisyfirlit**

1.0	Afreksstefna ÍBH
2.0	Afrekssjóður
2.1	Stjórn Afrekssjóðs
2.1.1	Verksvið stjórnar
2.2	Tekjur sjóðsins
2.3	Styrkhæfmót og umsóknarferlið
2.3.1	Ferðastyrkir
2.3.2	Afreksstyrkir Evrópukeppni félagsliða
2.3.3	Afreksstyrkir fyrir Ólympíukandidata
2.3.4	Afreksstyrkir Evrópu- og heimsmeistaramót
2.3.5	Afreksstyrkir fyrir unga og efnilega íþróttamenn
3.0	Úthlutanir
4.0	Styrktarupphæðir
Viðauki I.	Yfirlit um umsóknir og úthlutanir

## Reglugerð Afrekssjóðs ÍBH

### 1.0 Afreksstefna ÍBH

Afreksstefna ÍBH tekur mið af afreksstefnu ÍSÍ. Markmið og leiðir miðast við að hámarka árangur hafnirskra íþróttamanna með því að veita þeim fjárhagslegan og faglegan stuðning. Afrekssjóður vinnur samkvæmt reglugerð um sjóðinn þar sem fram kemur hvaða reglur gilda um úthlutun styrkja.

### 2.0 Afrekssjóður

Sjóðurinn heitir AFREKSSJÓÐUR ÍBH og var stofnaður af stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæ í janúar 1988 með stofnframlagi hvors aðila um sig (Afreksmannasjóður ÍBH). Afreksstyrkir eru veittir vegna Evrópumóta félagsliða og landsliða, heimsmeistarakeppni, Ólympíuleika og ferðastyrkir vegna keppnisferða til útlanda.

### 2.1 Stjórn Afrekssjóðs

Í stjórn sjóðsins skulu vera fimm menn. Þrír skipaðir af stjórn ÍBH og tveir skipaðir af Íþrótt- og tólmstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar. Stjórnin situr tvö ár í senn. Framkvæmdastjóri ÍBH er starfsmaður sjóðsins.

#### 2.1.1 Verksvið stjórnar

Er að sjá um almenna fjáröflun, gerð samninga við styrktaraðila, kynningarstarf og að ákveða styrkveitingar. Framkvæmdastjóri ÍBH annast vörslu sjóðsins og reikningshald og sér til þess að endurskoðaðir reikningar sjóðsins séu birtir árlega með reikningum ÍBH. Styrkuppghæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni. Höfuðstóll sjóðsins má þó aldrei nema lægri fjárhæð en kr. 1.000.000 miðað við lánskjaravísitölu í desember 2013. Stjórnin getur ákveðið styrkveitingu án umsóknar sé hún sammála um slíka veitingu.

### 2.2 Tekjur sjóðsins

Hafnarfjarðarbær og ÍBH gera árlega með sér samkomulag um greiðslur bæjarins til sjóðsins. ÍBH veitir árlega fjárveitingu til sjóðsins og er hún samþykkt á þingi ÍBH til tveggja ára í senn. Sjóðurinn tekur einnig á móti frjálsum framlögum, styrktarféi og söfnunarféi. Vaxtatekjur af innistæðum sjóðsins mynda einnig tekjur hans.

### 2.3 Styrkhæf mót og umsóknarferlið

Umsækjendur sem fá greiðslur vegna þátttöku sinnar í verkefnum frá sérsamböndum eða alþjóðasambandi sem nema 100% af kostnaði geta ekki sótt um styrk úr Afrekssjóði ÍBH.

#### 2.3.1 Ferðastyrkir

Eftirfarandi ferðastyrkir eru veittir:

- Fyrir keppnisferðir íþróttaliða (fararstjórastyrkur).
- Fyrir keppnisferðir einstaklinga með félagsliði, 1 – 3 keppendur á verkefni. Hámark 6 styrkir á ári á einstakling. Ef keppendur eru 4 eða fleiri í verkefninu er sótt um keppnisferð íþróttalið.
- Fyrir einstaklinga í landsliðsverkefnum. Hámark 6 styrkir á ári á einstakling.

- Hópiþróttir.
- Einstaklingsíþróttir.
  - Fararstjórastyrkur fyrir íþróttalið í keppnisferð til útlanda:
    - 4 – 14 iðkendur – 1 fararstjóri.
    - 15 – 29 iðkendur – 2 fararstjórar.
    - Fleiri en 30 iðkendur – 3 fararstjórar að hámarki á ferð.

Á heimasíðu ÍBH [ibh.is](http://ibh.is) undir Afrekssjóður er umsóknargátt fyrir ferðastyrki. Hægt er að fylla hana út og senda umsóknina beint á skrifstofu ÍBH. Einnig er hægt að prenta út umsóknareyðublað ferðastyrks, fylla það út og skila til skrifstofu ÍBH. Með ferðastyrksumsókn verður að fylgja staðfesting á ferðinni og þátttöku liðs eða einstaklinga í íþróttamótinu svo hægt sé að afgreiða umsóknina. Staðfestinguna á að senda á netfangið [ibh@hafnarfjordur.is](mailto:ibh@hafnarfjordur.is).

### **2.3.2 Afreksstyrkir Evrópukeppni félagsliða**

Félagið / deildin sendir skrifstofu ÍBH greinargerð um verkefnið og reikning sem nemur styrkupp hæðinni eftir hverja umferð sem skrifstofa ÍBH greiðir.

### **2.3.3 Afreksstyrkir fyrir Ólympíukandidata**

Sérsambönd ÍSÍ og ÍSÍ tilnefna Ólympíukandidata fyrir Ólympíuleika. Stjórn Afrekssjóðs ÍBH veitir þeim afreksstyrki til þess að ávinna sér þátttökurétt á leikunum og / eða til frekari undirbúnings fyrir leikana miðað við verkefnaáætlun sem liggur fyrir og fjárhagsáætlun sjóðsins. Ólympíuförum er veittur afreksstyrkur til þess að undirbúa þátttökuna á leikunum miðað við verkefnaáætlun sem liggur fyrir og fjárhagsáætlun sjóðsins.

### **2.3.4 Afreksstyrkir Evrópu- og heimsmeistaramót**

Félagið / deildin sendir skrifstofu ÍBH greinargerð um verkefnið og reikning eftir hvert mót fyrir verkefni í karla- og kvennaflokki á EM og HM.

### **2.3.5 Afreksstyrkir fyrir unga og efnilega íþróttamenn**

Félagið / deildin sendir skrifstofu ÍBH greinargerð um verkefnið og reikning eftir hvert mót fyrir verkefni í lokakeppni unglunga- og ungmennaflokka á EM, HM og ÓL.

## **3.0 Úthlutanir**

Allt árið að verkefnum loknum. Sækja þarf um styrki innan tveggja mánaða frá því að ferð er lokið.

### **3.1**

Ekki er úthlutað úr sjóðnum ef höfuðstóll fer undir upphæð í lið 2.1.1.

## **4.0 Styrktarupp hæðir**

### **Ferðastyrkir:**

- Einstaklingur með félagsliði kr. 45.000.

- Einstaklingur með landsliði kr. 55.000.
- Fararstjórástýrkur með félagsliði á fararstjóra kr. 100.000.

**Afreksstyrkir:**

- Evrópukeppni félagsliða 3 – 6 keppendur kr. 360.000.
- Evrópukeppni félagsliða 7 – 10 keppendur kr. 600.000.
- Evrópukeppni félagsliða 11 – 14 keppendur kr. 792.000.
- Evrópukeppni félagsliða 15 – 20 keppendur kr. 1.200.000.
- Evrópukeppni félagsliða 21 – 25 keppendur kr. 1.440.000.
- Evrópukeppni félagsliða 26 – 30 keppendur kr. 1.800.000.

Hámarksfjöldi keppenda miðast við skilgreiningu alþjóðasársambands viðkomandi íþróttagreinar.

Afreksstyrkir EM og HM í fullorðinsflokki kr. 90.000 á einstakling á verkefni. Hámark á ári þrjár umsóknir á einstakling.

Afreksstyrkir EM, HM og ÓL í unglinga- og ungmennaflokkum kr. 90.000 á einstakling á verkefni. Hámark á ári þrjár umsóknir á einstakling.

- Ólympíukandidatar: Einstaklingar, karlar og konur, háð verkefnaáætlun og ákvörðun stjórnar.
- Ólympíufarar: Einstaklingar, karlar og konur, háð verkefnaáætlun og ákvörðun stjórnar.

Verkefni sem hafa hlotið afreksstyrki eru ekki einnig styrkhæf fyrir ferðastyrki.

Reglugerð þessi tekur gildi 8. nóvember 2024.

Nafni Afreksmannasjóðs ÍBH breytt í Afrekssjóðs ÍBH samkvæmt samþykkt 51. þings ÍBH 11. maí 2019.

VIÐAUKI I:

**Yfirlit um umsóknir og úthlutanir:**

- |           |  |
|-----------|--|
| Allt árið | Umsókn og úthlutun afreksstyrkja vegna Evrópukeppni félagsliða fer fram eftir hverja umferð um leið og greinargerð og reikningur berst ÍBH.                              |
| Allt árið | Umsókn og úthlutun afreksstyrkja einstaklinga vegna EM og HM í fullorðinsflokki fer fram eftir hvert mót um leið og greinargerð og reikningur berst ÍBH.                 |
| Allt árið | Umsókn og úthlutun afreksstyrkja einstaklinga vegna EM, HM og ÓL í unglínga- og ungmennaflokkum fer fram eftir hvert mót um leið og greinargerð og reikningur berst ÍBH. |
| Allt árið | Umsókn og úthlutun ferðastyrkja fer fram eftir hverja ferð um leið og umsókn og staðfesting berst ÍBH.   |

Sækja þarf um styrki innan tveggja mánaða frá því að ferð er lokið.